

sem gætir ekki fyrir mæla þeirra, sem sett eru um notkun almenna gæðamerkisins, skuli missa réttinn til að nota það, um skemmri tíma eða að fullu og öllu.

89
3. maí

Loks má ákveða í reglugerðinni sektir frá 10—5000 kr. fyrir brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði kostnað þann, sem skrásetning almenna gæðamerkisins hefir í för með sér í löndum þeim, sem Ísland selur afurðir sínar.

9. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ákveða með auglýsingu, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum og samþykktum um vernd iðnaðarréttinda, varðveislu alþjóðamerkja og iðnaðarmáta, alþjóðaskrásetningu verzlunar- og vörumerkja og samþykktum snertandi takmörkun á fölskum upprunaauglýsingum á verzlunarvörum.

Ennfremur veitist ríkisstjórninni heimild til að setja með reglugerð önnur ákvæði, er kynnu að vera nauðsynleg vegna þátttöku í slíkum samningum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um útrýmingu fjárkláðans.

90
3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að láta fara fram böðun á öllu sauðfé í landinu til útrýmingar fjárkláðanum. Þó skulu undanskilin þau svæði, þar sem kláða hefir ekki orðið vart í sauðfé síðustu fimm árin,

90
3. maí

Landbúnaðarráðherra ákveður, í samráði við forstöðumann rannsóknarstofu háskólans, hvaða baðlyf skuli notað til útrýmingarinnar.

2. gr.

3. gr.
Í hverju sýslufélagi eða bæjarfélagi skal landbúnaðarráðherra, eftir tillögu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, skipa einn eftirlitsmann, er hafi umsjón með undirbúningi og framkvæmd útrýmingarböðunarinnar innan sýslu- eða bæjarfélags.

Skal eftirlitsmaður sýslufélags tilnefna baðstjóra í hverjum hreppi í samráði við hlutaðeigandi hreppsnefnd, en í bæjum ræður eftirlitsmaður baðstjóra eftir þörfum, í samráði við bæjarstjórn.

4. gr.

Kostnaður við útrýmingarböðunina greiðist af þessum aðilum:

1. Baðlyf, eins og það kostar á næstu höfn, greiðist að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu af fjáreigendum.
2. Þóknun fyrir störf eftirlitsmanns innan herrar sýslu eða bæjarfélags greiðist úr sýslu- eða bæjarsjóði, eftir reikningi, er sýslunefnd eða bæjarstjórn úrskurðar.
3. Kaup baðstjóra greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

5. gr.

Skylt er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum að annast um, að fyrir hendi séu nothæf tæki á hverju heimili til böðunar, en fjáreigendum ber að greiða þann kostnað, sem af útvegum þeirra tækja leiðir, að svo miklu leyti, sem þeir leggja þau eigi til sjálfir.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd útrýmingarböðunarinnar, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og má í þeirri reglugerð ákveða allt að 5000 króna sekt fyrir brot á henni.

7. gr.

Komi það í ljós að aflokinni böðun, að útrýming fjárkláðans hefir eigi tekizt til fulls, skal tafarlaust fyrirskipa útrýmingarböðun af nýju eftir sömu reglum, á svo stóru svæði eða svæðum, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, telur þurfa.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

1. Tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

2. Tilskipun 4. marz 1871, er hefir inni að halda viðauka við tilskipun 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi. **90**
3. maí
3. Lög nr. 40 frá 1901.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

91

um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins. **91**
3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Talan „6“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929 verði: 5, — og orðið „Bústofnslánadeild“ í sömu grein falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.